

izt greiðslu fyrir, berst fyrir ákveðinni stjórnmalastefnu, er málagn ákveðins stjórnmalaflokks.

Er því eðlilegast að telja slíka sendingu blaðsins, er hér liggur fyrir, aðeins einn lið í útbreiðslustarfsemi viðkomandi stjórnmalaflokks, og með sérstöku tilliti til þessa, svo og þess, að stefndur hefir aldrei verið krafinn um greiðslu fyrir blaðið, né honum sendur reikningur fyrir það, þá litur rétturinn svo á, að stefndur hafi aldrei haft ástæðu til að ætla, að hann væri talinn kaupandi þess, enda þótt hann ekki endursendi það né tilkynnti, að hann myndi ekki greiða það.

Þá verður heldur ekki með tilliti til framansagðs talið, að í sambandi við þessa óumbeðnu sendingu blaðsins hafi gerzt nokkuð það atvik, er hafi verið til þess fallið að vekja hjá umbjóðanda stefnanda réttmætt traust um það, að stefndur vildi greiða blaðið.

Rétturinn telur því samkvæmt framansögðu, að engin greiðsluskylda hvíli á stefndum útaf þessum blaðsendingum og því beri að sýkna hann af dómkröfum stefnanda í máli þessu. Eftir málavöxtum þykir málskostnaður þó eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 25. nóvember 1936.

Nr. 47/1935. **Eigendur e/s „Ölver“, þeir Bjarni Fannberg, Bjarni Eiríksson, Bárður Jónsson og Kristján Kristjánsson**
(Eggert Claessen)
gegn

Alþýðusambandi Íslands

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Skaðabótakröfur í tilefni af verk- og afgreiðslubanni, sem verkamálaráð Alþýðusambandsins lagði á skip.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. ágúst 1934: Stefndur, Alþýðusamband Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefn-

endanna, eigenda e/s „Ölver“, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur gera þær kröfur hér fyrir rétti, aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 35279.02 með 5% ársvöxtum frá 12. júní 1933 til greiðsludags, en til vara, að skaðabætur þeim til handa verði ákveðnar með mati dómkvaddra manna, auk vaxta af matsupphæðinni sem fyrr segir. Svo krefjast þeir og að þeim verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Samkvæmt því, sem upplýst er hér fyrir réttinum, stofnuðu þeir meðáfrýjendurnir Bjarni Fannberg og Bjarni Eiríksson, ásamt þriðja manni, Högna Gunnarssyni, félagsskap með sér í Bolungarvík um áramótin 1931—1932 til fiskkaupastarfsemi þar á staðnum. Leigðu þeir í því skyni ýmsar eignir dánarbús Péturs Oddssonar í Bolungarvík. Upp úr nýjárinu 1932 fór Verklýðsfélag Bolungarvíkur þess á leit við ofangreinda menn, að þeir semdu við það um kaupgjald verkafólks í landi og viðurkenndu félagið sem réttan samningsaðilja fyrir hönd verkafólksins. Leiddi þetta til þess, að meðáfrýjandi Bjarni Eiríksson, ásamt öðrum atvinnurekanda í Bolungarvík, undirritaði samning þessa efnis við Verklýðsfélagið hinn 5. febr. 1932, en þeir Bjarni Fannberg og Högni Gunnarsson neit-uðu að undirskrifa slíkan samning. Gekk Bjarni

Eiríksson þá jafnframt úr ofangreindum fisk-kaupafélagsskap. Félagsskapur þeirra Bjarna Fannberg og Höгна Gunnarssonar hélzt hinsveg-ar áfram og gekk síðar undir firmanafninu Gunn-arsson & Fannberg. Þá áttu þeir Bjarni Fannberg og Bjarni Eiríksson í félagi nokkra vélbáta, sem þeir gerðu út, auk þess sem þeir áttu hvor um sig $\frac{5}{14}$ hluta í e/s „Ölver“, en meðáfrýjendur þeirra, Bárður og Kristján, áttu $\frac{2}{14}$ hluta skipsins hvor.

Tilraunir Verklýðsfélags Bolungarvíkur til þess að fá þá Bjarna Fannberg og Höгна Gunnarsson til að gera samning við félagið um kaupgjald land-verkafólks og viðurkenna félagið sem samnings-aðilja fyrir hönd verkafólksins virðast hafa hald-ið áfram fram á vor 1932, en reynzt árangurslaus-ar. Samþykkti þá félagið að banna meðlimum sín-um að vinna hjá þeim Bjarna Fannberg og Höгна Gunnarssyni. Halda áfrýjendur því fram, að banni þessu hafi ranglega verið beint gegn nefndum mönnum, með því að þeir hafi ekki ráðið neitt landverkafólk í tímavinnu, heldur látið fram-kvæma alla verkun á fiski sínum í ákvæðisvinnu. Á þetta verður þó ekki fallizt sökum þess, að nefnd-ir menn virðast hafa haft umfangsmikinn atvinnu-rekstur í Bolungarvík á þessum tíma og var því eðlilegt, að Verklýðsfélagið vildi ná heildarsamn-ingum við þá eins og aðra atvinnurekendur þar á staðnum og jafnframt fá viðurkenningu þeirra á félaginu sem samningsaðilja.

Eftir að nefnt verkban var hafið leitaði Verk-lýðsfélag Bolungarvíkur aðstoðar Alþýðusambands Íslands, stefnda í máli þessu, í deilu þessari. Hinn 27. maí 1932 var e/s „Ölver“ statt á Siglufirði með síldartunnufarm, sem þar átti að skipa í land. Sendi

þá verkamálaráð Alþýðusambandsins svohljóðandi skeyti til umboðsmanns síns á Siglufirði: „Eigendur Ölvers Bolungarvík í banni. Siglufjarðarfélögin beðin afgreiða ekki bátinn.“ Er óumdeilt, að með Siglufjarðarfélögunum sé átt við verkamannafélag og verkakvennafélag á Siglufirði, sem bæði séu í Alþýðusambandi Íslands. Leiddi þetta til þess, að e/s „Ölver“ varð ekki afgreiddur, og lá hann við bryggju á Siglufirði frá 27. maí til 30. júlí 1932, er afgreiðslubanninu var aflétt, en daginn áður, 29. júlí, höfðu tekizt samningar með Verklýðsfélagi Bolungarvíkur annarsvegar og þeim Bjarna Fannberg og Högna Gunnarssyni hinsvegar. Kveða áfrýjendur tjón það, er hlaut af nefndri stöðvun e/s „Ölver“, nema hinni umstefndu upphæð.

Í máli þessu er ekki upplýst, að afskipti stefnda af e/s „Ölver“ hafi verið önnur né meiri en að framan segir, og ekkert er fram komið, sem bendir til þess, að af hálfu stefnda hafi verið hvatt til ofbeldis né annarra ólögmætra verka í sambandi við deilu þessa. Ekki verður heldur talið, eftir því sem fyrir liggur í þessu máli, að verkban Verklýðsfélags Bolungarvíkur gegn Bjarna Fannberg hafi verið ólögmætt, og verður stefndi því heldur ekki sakaður um stuðning við ólöglegt verkban. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, og þá sérstaklega að því er ráða má af samningum, sem gerðir hafa verið fyrir hönd útgerðar e/s „Ölver“, verður að ætla, að Bjarni Fannberg hafi aðallega annazt útgerðarstjórn skipsins og þar eð hann enn fremur var sameigandi að því, eins og fyrr segir, þá verður heldur ekki talið ólögmætt af stefnda að leggja fyrir verklýðsfélög innan Alþýðusambandsins að banna meðlimum sínum að vinna við skipið,

meðan deilan við Bjarna Fannberg var óleyst. Ber því samkvæmt framansögðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til. Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. júní f. á., af eignum línuveiðaskipsins „Ölver“, þeim Bjarna Fannberg, skipstjóra, Bjarna Eirikssyni, kaupmanni og Bárði Jónssyni, bónda, öllum í Bolungarvík og Kristjáni Kristjánssyni, skipstjóra hér í bænum, gegn miðstjórn Alþýðusambands Íslands fyrir þess hönd og Verkamálaráði Íslands, þeim Jóni Baldvinssyni, bankastjóra, Héðni Valdemarssyni, alþingismanni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, hrm., Ingimar Jónssyni, skólastjóra, Guðmundi Oddssyni, brauðgerðarhúsförstjóra, Sigurjóni Á. Ólafssyni, alþingismanni, Jóni Axel Péturssyni, hafnsögumanni, Jóni Guðlaugssyni, bifreiðarstjóra og Jóhönnu Egilsdóttur, húsfrú, öllum til heimilis hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 35279.02 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 12. júní f. á., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins kveða stefnendur þau, að hinn 27. maí f. á., er skip þeirra e/s Ölver var statt á Siglufirði í sildarflutningum fyrir skilanefnd Sildareinkasölu Íslands, þá hafi stefndur, Alþýðusamband Íslands eða Verkamálaráð Íslands fyrir þess hönd, lagt verk- og afgreiðslubann á skipið og hafi bannið staðið til 30. júlí f. á. Á þessu tímabili hafi skipið ekki getað komið í land sildarfarmi þeim, sem í því var, er bannið var lagt á, og ekki heldur stundað nokkra atvinnu. Verkbann þetta telja stefnendur algerlega ólöglegt og kveðast hafa beðið af því mikið og margskonar tjón. Hafi tjónið fyrst og fremst verið fólgið í beinum

kostnaði við legu skipsins á Siglufirði. Þá hafi skipið misst af vöruflutningum og ekki getað stundað sildveiðar vegna bannsins, og loks kveðast stefnendur hafa orðið að leggja í ýmislegan kostnað til undirbúnings máls höfðun þessari:

Hafa stefnendur sundurliðað kröfu sína svo:

- | | | |
|---|-------|------------|
| 1. Kostnaður við legu skipsins á Siglufirði | kr. | 7916.15 |
| 2. Atvinnutjón vegna missis vöruflutninga | — | 11525.69 |
| 3. Aflatjón á sildarvertíðinni | | — 15306.88 |
| 4. Kostn. vegna undirbúnings máls þessa | — | 530.30 |

Samtals Kr. 35279.02

og kemur það heim við hina umstefndu upphæð. Halda stefnendurnir því fram, að þar sem verkbannið hafi verið ólöglegt, bæri stefndum að bæta allt það tjón, sem af því hafi hlotizt, en til þess hafi hann verið ófáanlegur og sé því mál þetta höfðað.

Stefndur hefir mótmælt framangreindum kröfum stefnenda og krafizt algerðrar sýknu og málskostnaðar hjá þeim eftir mati réttarins. Lýsir stefndur málavöxtum svo, að um mánaðarmótin apríl og maí 1932 hafi þeir Högni Gunnarsson og einn stefnendanna, Bjarni Fannberg, byrjað atvinnurekstur í Bolungarvík undir firmanafninu Gunnarsson og Fannberg. Hafi þeir ekki viljað undirskrifa samninga við Verkalýðsfélag Bolungarvíkur um kaupgjald við fyrirtæki þeirra, og þrátt fyrir itrekaðar tilraunir og tilslakanir af Verkalýðsfélagsins hálfu hafi ekki tekizt að fá friðsamlega lausn á deilunni. Hafi Verkalýðsfélagið þá snúið sér til Verkamálaráðs Alþýðusambandsins með beiðni um aðstoð í deilunni við nefnt firma, og ekki hafi verið til annara vopna að grípa, en að verkamenn neituðu að vinna hjá firmanu og við atvinnurekstur, sem nefndir eigendur þess væru riðnir við. Þetta hafi líka verið gert. Kveður stefndur, að yfir 100 verkamenn, sem séu í Verkalýðsfélagi Bolungarvíkur, hafi neitað að vinna hjá firmanu. Þá hafi og félagsmenn verkalýðsfélaganna á Siglufirði og yfirleitt allir félagsbundnir verkamenn innan Alþýðusamtakanna neitað, eftir fyrirmælum Verkamálaráðs Íslands, að vinna að atvinnurekstri, sem eigendur nefnds firma eða þeir Högni eða Bjarni hafi rekið eða tekið þátt í, og meðal annars hafi þeir ekki viljað vinna við afgreiðslu e/s Ölver.

Byggir stefndur sýknukröfuna á því í fyrsta lagi, að

máli þessu sé ekki réttilega beint að honum. Það hafi verið Verkalýðsfélag Bolungarvíkur, sem fyrst hafi ákveðið að hætta allri vinnu hjá Gunnarsson & Fannberg, og síðan hafi verkalýðsfélögin á Siglufirði séð um, að meðlimir þeirra ynnu ekkert við afgreiðslu ofannends skips, og telur stefndur, að málssóknin hefði því fyrst og fremst átt að beinast gegn félögum þessum. En á þetta verður ekki fallið hjá stefndum. Hann hefir viðurkennt, að Verkamálaráð Alþýðusambandsins hafi beint þeim fyrirmælum til allra félaga innan Alþýðusambandsins, meðal annars, að vinna ekki við afgreiðslu e/s Ölves, og við þeim fyrirmælum hafi félögin orðið. Litur því rétturinn svo á, að stefndur beri ábyrgð á umræddum verknaði og sé skaðabótaskyldur vegna hans, verði verknaðurinn ólögmaður talinn, og hefir því krafa stefnds um sýknu vegna aðildarskorts ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisir stefndur sýknukröfuna á því, að gerðir hans í þessu sambandi hafi verið fyllilega lögmætar. Hann hafi aðeins, eins og áður er sagt, bannað að félagsbundnir verkamenn (þ. e. verkamenn, sem eru í verkalýðsfélögum innan Alþýðusambandsins) ynnu hjá oftnefndu firma eða að atvinnurekstri, sem eigendur firmans væru við riðnir, svo sem hafi verið með útgerð línuveiðarans „Ölver“ meðan á deilunni við firmað stæði, en þetta sé sú leið, sem sjálfsgöð sé talin og viðurkennd með öllum síðuðum þjóðum, þegar um vinnudeilur sé að ræða. Verkbann þetta hafi heldur ekki verið brot á neinum vinnusamningum við stefnendur, en engin skylda hafi hvílt á félagsbundnum verkamönnum að láta stefnendum starf sitt í té við afgreiðslu oftnefnds skips eða önnur verk, þeir hafi verið algerlega sjálfráðir um, hvort þeir gerðu það eða ekki, og geti stefnendur því ekki komið fram með neinarkröfur út af því, að verkamenn hafi ekki viljað vinna við skip þeirra.

Það er ekki upplýst, gegn mótmælum stefnds, að umrætt verkban hans hafi verið viðtækara en hann heldur fram, eða með öðrum orðum, að það hafi náð til annarra en félagsbundinna verkamanna. Verður því að telja, af ástæðum þeim, sem stefndur hefir hér að framan fært fram sér til varnar, að hann hafi ekki í umræddu efni

gengið lengra en leyfilegt er, og ber þá að taka sýknukröfu hans til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 27. nóvember 1936.

Nr. 102/1936. Eyjólfur Kolbeins (Sjálfur)

gegn

Ragnheiði Bjarnadóttur

og

Þórði Bjarnasyni f. h. barna hans

(Garðar Þorsteinsson).

Maður talinn hafa firrt sig rétti til að áfrýja skiptum á jörð, gerðum af undirlandskiptanefnd, til yfirlandskiptanefndar.

Úrskurður gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. júní 1936: Krafa stefnda Eyjólf Kolbeins um að máli þessu skuli frávísað verður ekki tekin til greina.

Dómur gestaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. júlí 1936: Stefnir, Eyjólfur Kolbeins og Þórður Bjarnason fyrir hönd barna sinna, hafi firrt sig rétti til að skjóta til yfirlandskiptanefndar undirlandskiptum Lambastaða í Sel-tjarnarneshreppi, er fram fóru 18. maí 1935, og eru þeir bundnir við ákvarðanir undirlandskiptanefndarinnar.

Stefndur Eyjólfur Kolbeins greiði stefnanda kr. 150.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þórði Bjarnasyni f. h. barna sinna hefir einungis verið stefnt til að gæta hagsmuna sinna og án þess að nokkrar kröfur hafi verið gerðar á hendur honum.